

**Ed.**

## **681. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Aðalbreytingar frumvarps þessa, eins og það er til þessarar deildar komið, eru þessar:

1. Skattfrelsi það, sem hlutafélög hafa notið af fé því, sem þau leggja í varasjóð upp að ákveðnu marki, er afnumið.
2. Þau hlutafélög, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, fá skattfrelsi fyrir það fé, sem þau leggja í nýbyggingasjóð, allt að  $\frac{1}{3}$  af tekjum.
3. Þessi skattfríðindi eru þó takmörkuð, bæði við „hæfilegt váttryggingarverð“ skipa og 2 milljónir króna í hverjum nýbyggingarsjóði, þannig að þar eftir er ekki skattfrjálst tillag nema  $\frac{1}{6}$  tekna.
4. Öll önnur hlutafélög, sem áður nutu skattfrelsis fyrir 20% tekna, ef lagt væri í varasjóð, eru á hinn bóginn svipt því skattfrelsi, án þess að nokkuð komi í staðinn.
5. Persónufrádráttur er hækkaður og meiri munur gerður en áður á þessum frádrætti í kaupstöðum og sveitum.
6. Ákvæði um 7 skattstjóra.
7. Skattfrádráttur einstaklinga, er sjávarútveg reka og ákveðinn var  $33\frac{1}{3}\%$  í stað 20% af tekjum ársins 1942 með lögum um dýrtiðarráðstafanir, er í frumvarpinu ákveðinn til frambúðar.
8. Nokkur fleiri atriði, er minna máli skipta.

Minni hlutinn telur sumar þessar breytingar til bóta, svo sem hækkun skattfrjáls tillags einstaklinga þeirra, er sjávarútveg stunda, til nýbyggingarsjóðs og hækkun persónufrádráttar.

Aðrar breytingar, svo sem um skipun skattstjóra á ýmsum stöðum, lætur minni hlutinn liggja milli hluta.

En aðrar breytingar valda því, að minni hlutinn getur ekki mælt með frumvarpinu nema með verulegum breytingum.

Er þar sérstaklega um það að ræða, að fellt er niður með öllu skattfrelsi til handa hlutafélögum þeim til eflingar, annarra en útgerðarfélagana, án þess að þar sé nokkur greinarmunur á gerður eða nokkuð komi í staðinn.

Þá þykir minni hlutanum ófært, að dregið er úr því tillagi, sem skattfrjálst er, þegar nýbyggingasjóðir hafa náð vissu takmarki, í stað þess, að nú gengur ákveðinn hluti tekna skattfrjálst án takmarkana til eflingar útgerðarfyrirtækjunum sem varasjóðs- og nýbyggingarsjóðstillag.

Þá þykir minni hlutanum það fjarstætt, að ákveðin félög halda hæsta skattfrelsi jafnhliða því, að hliðstæð félög missa skattfrelsi sitt alveg.

Um einhver þessara atriða hefði ef til vill mátt ná samkomulagi í nefnd og deild, ef nokkur timi hefði til unnizt. En málið er til efri deildar komið svo seint, að engin tók eru á slíkum umleitunum, svo að gagni geti komið, og hlýtur minni hlutinn því að leggja til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1943.

Magnús Jónsson,           Lárus Jóhannesson.  
form., frsm.